


MENNING LISTIR

PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS


MIÐVIKUDAGUR 14. ÁGÚST 1985

BLAÐ **B**

NÚTÍMA TEXTÍL- LIST



Badanna Zack:
Bjölluhúð I, 1981.
Gipsað og límborið tau.



Magdalena Abakanowicz: Umskiptingurinn 1985, strigi límborinn, víður og segldúkur.

Vakningu nútíma textillistar var frá upphafi vel tekið á Íslandi, bæði af listnjótendum, gagnrýnendum og listamönnum. Síndu listamenn þá víðsýni að játa textílfólk þegar í sinn hóp enda voru fjórir frumherjar vefjarlistar, þær Júlíana Sveinsdóttir, Vigdís Kristjánsdóttir, Ásgerður Búadóttir og Barbara Árnason allar myndlistarkonur og höfðu þrjár þeirra hlotið drjúgan hluta menntunar sinnar við Listaakademiuna í Kaupmannahöfn en Barbara við Konunglega listaskólann í Lundúnaborg. Vefnaður og ullarhnýting voru Júlíönu og Barböru aukageta og leit í annað efni líkt og mósaíkið eða glerið Nínu Tryggvadóttur, en þær Ásgerður og Vigdís beindu aftur á móti kröftum sínum að myndvefnaðinum. Íslenskir listamenn síndu með þessu meiri framsýni en margir stéttarbræður þeirra á Norðurlöndum og skýringanna er ef til vill að leita í þeirri þversögn að listiðnaður stóð hér ekki með sama blóma og í þeim löndum öðrum. Myndvefnaðarkonum varð því ekki í annan hóp vísað.

SAMNORRÆN VEFJARLIST Í 10 ÁR, - NORDISK TEXTILTRIENNALE

Þessa dagana stendur yfir á Kjarvalsstöðum farandsýning norræna textillistamanna. Hér er á ferðinni Nordisk Textiltiennale í fjórða sinnið. Fyrsta sýningin var opnuð í Álaborg í Danmörku árið 1976, aðaldrifjöldur og formaður frá upphafi hefur verið danska listakonan Nanna Hertoft. Þeirri sýningu lauk síðan árið 1977 í Listaskálanum í Færeyjum. Á þriggja ára fresti hefur sýningin ferðalag sitt um Norðurlönd og kemur í þetta sinn til Reykjavíkur frá Moss í Noregi, en þar var sýningin opnuð 8. júní síðastliðinn. Nordisk Textiltiennale er nú stærsta farandsýning norræna listamanna og hefur tilgangurinn verið að styrkja sambönd listamanna innbyrðis og gefa þeim tækifæri til að sýna það besta og nýjasta sem er á döfinni í hverju landi fyrir sig.

Triennialinn hefur ævinlega verið styrktur af opinberum aðilum og lagði Norræni menningarmálasjóðurinn fram

þriðjung áætlaðrar fjárparfar fyrir 4. triennialinn en mennta- og menningarmálaráðuneyti þáttökulandanna lögðu til það sem á vantaði.

Þátttakendur að þessu sinni eru 80 listamenn frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Á meðal sýnenda eru margir þekktir listamenn svo og ungir og upprennandi. Margar nýjungar má sjá í meðferð efnis og forms.

Fulltrúar Íslands á sýningunni eru listakonurnar Guðrún Gunnarsdóttir, Guðrún Marinósdóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Sigurlaug Jóhannesdóttir. Jafnframt sýnir í boði 4. Nordisk Textiltiennale ung listakona, Þórdís Sigurðardóttir, en hún sýnir nýstárlegt umhverfisverk á Miklatúni fyrir sunnan Kjarvalsstaði.

Sýningin er opin til 25. ágúst, en frá Íslandi fer hún til Færeyja, Danmerkur og Finnlands og endar í Svíþjóð.

Í íslensku Triennialnefndinni eru: Anna Þóra Karlsdóttir, Ása Ólafsdóttir, Áslaug Sverrisdóttir, Hildur Hákonardóttir og Steinunn Pálsdóttir, en þær Ása Ólafsdóttir og Hildur Hákonardóttir hafa skipt með sér formennsku í nefndinni.